



ORKUSTOFNUN

Jarðhitinn hjá Hólsgerði og Torfufelli í  
Eyjafirði

Ólafur G. Flóvenz

Greinargerð ÓGF-88-04

## Jarðhitinn hjá Hólsgerði og Torfufelli í Eyjafirði

Að ósk Ágústs Einarssonar skoðaði undirritaður jarðhitann við Hólsgerði og Torfufell í Eyjafirði sumarið 1982 og gerði þar svoltlar segulmælingar til að leita að líklegum uppstreymisstað heita vatnsins.

Jarðhitinn í landi Hólsgerðis kemur upp í Hólsgerðislaug sem liggur í norðan undir brekkurótum hóla sem bærinn stendur á. Hiti mældist  $46,6^{\circ}\text{C}$  í lauginni sjálfrí en rennsli var ekki mælt. Sigmundur Einarsson jarðfræðingur mældi hins vegar rennslið fáum árum áður og reyndist það  $1,7 \text{ l/s}$ . Auk Hólslaugar er smá seytl af allt að  $22^{\circ}\text{C}$  heitu vatni undan brekkurótunum austan Hólslaugar (sjá meðfylgjandi mynd).

Torfufellslaug er smáseytl af volgu vatni úr skurðbarmi um 130m norðan Hólslaugar. Hiti mældist þar  $37,4^{\circ}\text{C}$  sumarið 1982.

Nokkrar efnagreiningar eru til af vatninu úr Hólslaug og eru þær birtar í skýrslu Orkustofnunar árið 1981. Ber hún heitið "Eyjafjörður, efnainnihald og ísótópahlutföll jarðhitavatns" og er samin af Hrefnu Kristmannsdóttur og Sigfúsi Johnsen (OS81023/JHD14). Af þessum efnagreiningum má leiða líkur að því að vatnið sem kemur upp í Hólslaug sé  $70-80^{\circ}\text{C}$  heitt að uppruna en hafi kólnað í  $46^{\circ}\text{C}$  á leið sinni til yfirborðs. Vatnið þarna sker sig nokkuð úr öðru jarðhitavatni í Eyjafirði í því að flúoríð innihald er óvenju hátt eða á bilinu  $2,6 - 4,5 \text{ ppm}$ .

Sumaið 1982 var segulmælt eftir 6 stuttum línum á svæðinu milli Hólsgerðislaugar og Torfufellslaugar. Niðurstöðurnar eru sýndar á meðfylgjandi mynd. Í ljós kom að rétt segulmagnaður gangur með norðnorðvestlæga stefnu liggur um 15-20m austan beggja lauganna. Aðrir gangar fundust ekki.

Af segulfráviku yfir ganginum má ráða að djúpt er á berggrunninn e.t.v. 20-30 metrar.

Fyrilliggjandi gögn benda til eftirfarandi:

1. Að Hólsgerðislaug kemur upp undir brekkurótum og nokkur dreif er af volgu vatni meðfram þeim bendir til þess að vatnið sem kemur upp í lauginni kunni að vera aðrunnið einhvern spöl úr suðri frá uppkomustað í berggrunninum.
2. Að heita vatnið sem upp kemur í landi Torfufells skuli vera nálægt sama berggangi og Hólsgerðislaug bendir til að gangurinn hafi áhrif á uppkomu heita vatnsins. Hann gæti t.d. verið sprunginn og því aðfærsluæð heita vatnsins af


miklu dýpi. Ef svo er myndi borun beinast að því að hitta á hann á nokkur hundruð metra dýpi.

3. Efnainnihald vatnsins gefur vonir um að fá megi yfir 70°C heitt vatn með borunum.
4. Sterkar líkur eru á að Torfufellslaug og Hólsgerðislaug sæki vatnið í sama vatnskerfið þannig að vatnstaka úr borholu á öðrum staðnum mun hafa áhrif á rennsli og vatnstökumöguleika á hinum staðnum.

Um þrjár meginleiðir er að ræða við frekari rannsókn jarðhitans þarna:

1. Í fyrsta lagi kæmi til greina að ganga út frá því að berggangurinn sem fannst með segulmælingunum sumarið 1982 sé vatnsleiðarinn og fá bor sem borað gæti 500-600m niður til að bora í hann. Þessi aðferð er mjög áhættusöm. Í ljós gæti komið eftir 1-3 daga borun að gangurinn væri ekki vatnsleiðarinn. Þá væri lítið annað hægt að gera en að hætta borun við svo búið og sitja uppi með mikinn kostnað en engann árangur. Rétt er að geta þess hér að reikna má með að það taki 1-2 daga fyrir borinn að komast niður úr lausu jarðlögunum sem þarna virðast 20-30m þykk.
2. Í öðru lagi kæmi til greina að leita upptakanna með litlum bor sem borað gæti allt að 60m niður (t.d. bor frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða). Reikna má með að bora þurfi 1-5 holur til að leita að uppsteymisrásinni, 1-3 ef gangurinn reynist uppsteymisrásin en fleiri ella. Hæpið er að kostnaður verði minni en 150-200 þúsund krónur á hverja holu. Takist að finna uppsteymisrásina þarf síðan að fá stærri bor til að bora eftir vatninu.
3. Í þriðja lagi er hægt að leita að uppsteymisrásinni með viðnámsmælingum. Þær eru dýrar í framkvæmd sér í lagi ef senda þyrfti mæliflokk alla leið úr Reykjavík. Þær gætu skorið úr um hvort gangurinn er vatnsleiðandi eða ekki og gefið vísbindingar um hvort vatnsleiðandi sprungur séu annars staðar í nágrenni lauganna en meðfram bergganginum.

Kostnaður við slíkar mælinga sem fimm manna mæliflokkur framkvæmir er um 80-100þúsund krónur á dag. Ef verkið yrði unnið í tengslum við önnur verk mæliflokksins í Eyjafirði í sumar eða síðar má reikna með að það taki flokkinn 2-3 daga að framkvæma viðnámsmælingar við Hólsgerði og kostnaðurinn yrði á bilinu 160-300þús. krónur. Takist að finna vatnsleiðandi sprungu með viðnámsmælingunum er næsta skrefið að bora djúpa holu (sbr. lið 1) en finnist ekki vatnsleiðandi sprungaer líklegt að heita vatnið sé aðrunnið grunnt eftir láréttum lögum lengra í burtu og mjög vonlítið að borun í næsta nágrenni jarðhitans beri árangur.



Ólafur G. Flóvenz  
deildarstjóri

## Segulmælingar við Hólsgerðislaug.

